Brosið

Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fréttablað Hraunvallaskóla Desember 2015 2. tbl. 7. árg

Jólin, jólin allsstaðar...

Skrifstofa skólans er opin sem hér segir:

Kl. 7:45 —16 á mán.— fim.

7:45 — 15 á föst.

Sími skólans er: 590-2800
Faxnúmer er: 590-2801
Sími Hraunsels er: 590-2811

Jólin, ein stærsta hátíð ársins nálgast óðfluga og erum við flest mitt í undirbúningnum eða að leggja lokahönd á hann. Við sem eldri erum rifjum stundum upp fyrri ár og berum saman jólin þá og nú. Sumir hlutir breytast mikið en aðrir minna enda eru margir duglegir að halda í gamlar og góðar hefðir sem fylgja þessum árstíma. Það er nefnilega alltaf eitthvað alveg sérstakt við þessa hátíð. Hún hefur tilhneigingu til að kalla fram það góða í fari manna. Öll ljósin, birtan og vonin, sem hátíðin felur í sér, er kærkomin inn í þennan dimmasta tíma ársins. Amstrið er í algleymingi og auðvelt er að hrífast með öllu því sem fylgir þessum árstíma. Við kvörtum stundum yfir umstanginu en vitum að sjálf getum við haft nokkur áhrif þar á ef við forgangsröðum og skiljum og skynjum hvað það er sem raunverulega skiptir máli. Okkur er öllum gjarnt að leggja ofuráherslu á ytri umbúnað jólanna en hættir til að huga minna að inntaki þeirra. Auðvitað er skemmtilegt að hafa fallega skreytt heimili og mat sem tilheyrir hátíðum. En jólin koma hvort sem við erum „búin að öllu“ eða ekki. Förum róleg og yfirveguð inn í hátíðina og reynum að njóta.

Gleðileg jól
og
farsælt komandi ár!

Hróður okkar berst víða

Föstudaginn 13. nóvember fengum við góða heimsókn en þá tókum við á móti 27 kennurum frá Stange ungdomsskole í Noregi. Þeir komu hingað aðallega til að skoða kennslu og aðstæður í unglingadeild ásamt SMT-skólafærni. Þeir fengu stutta kynningu á skólalífinu í Hafnarfirði og helstu einkennum Hraunvallaskóla, góða kynningu á SMT-skólafærni og gengu því næst um valin svæði. Þeir skoðuðu m.a. þemasvæði unglinga, verk- og listgreinastofur, íþróttaaðstöðuna, ásamt því að ganga um nokkur svæði og spjalla við krakkana okkar. Inni í 4. bekk hittu þeir nemendur sem búið höfðu í Stange og voru ánægðir með að geta rætt við þá aðeins á norsku. Að heimsókn lokinni unnu þeir samantekt á bókasafni skólans og færðu okkur gjafir frá sínum heimabæ. Þeir voru mjög ánægðir með viðtökurnar og fannst þeir hafa grætt mikið á að finna andann hjá okkur hér í hrauninu. Fyrir okkur var líka mjög gagnlegt að hitta þá og heyra hvað þeir höfðu að segja um skólabraginn og aðstöðuna hjá okkur. Hver veit nema við endurgjöldum heimsóknina einhvern tíman í framtíðinni.

Í leikskóla er gaman!

Nú er runninn upp desember sem er eflaust einn mest spennandi mánuður ársins. Þá gerist margt skemmtilegt í leikskólanum og starfið er brotið upp. Börnin búa til skraut og fara síðan í strætóferð í jólaþorpið til að hengja það upp. Við mælum með að þið kíkið í jólaþorpið til að skoða allt það jóla-skraut sem leikskólabörn í Hafnarfirði hafa gert til þess að skreyta bæinn okkar.

Börnin í Hraunvallaleikskóla bökuðu piparkökur sem foreldrar fengu að njóta með börnunum þann 11. desember. Þetta eru mjög huggulegar stundir hvor um sig, þ.e. baksturinn og foreldraheimsóknin.

Nóg að gera hjá 7. bekk



Við í 7. bekk höfum verið mikið að spá í bækur, lestur og upplestur. Við höfum fengið til okkar rit-höfunda sem lesið hafa úr nýjustu bókum sínum fyrir okkur. Einnig höfum við verið dugleg að lesa sjálf og gera ýmis verkefni tengd lestri. Okkur var líka boðið á bókasafnið á jólabókaupplestur þar sem þær Anna, Inga og Linda lásu fyrir okkur. Nokkrir nemendur úr 7. bekk fóru inn í 1. bekk að lesa fyrir þau jólasögur og gekk það rosalega vel. Einnig hafa nemendur verið að vinna fyrstu áhugasviðsverkefnin sín sem eru mjög skemmtileg. Nemendur gera samning við kennara um verkefni, útfærslu og skil. Sumir skila sem myndband, aðrir gera veggspjöld, bók eða ritgerð.



Jólastúss leikskólans

Syngjandi jól í Hafnarborg voru 5.desember en þá sungu elstu börn leikskólans nokkur lög með stakri prýði. Hefur þetta verið fastur liður undanfarin ár við mikla lukku barnanna og ekki síður foreldranna. Jólaball leikskólans var svo á sínum stað 13.desember og þar kíktu tveir jólasveinar í heimsókn og sungu nokkur lög með börnunum. Í lokin buðu þeir að sjálfsögðu upp á gotterí að jólasveinasið. Einnig var boðið upp á flottar veitingar sem gestirnir nutu í góðum félagsskap. Nóg er að gera í desember og allt til þess að njóta allrar þeirrar dýrðar sem þessi tími árs býður upp á. Sem dæmi má nefna að 2010 og 2011 börnin fara í Sívertsen húsið til að fræðast um jólin í „gamla daga“. Hefur það alltaf verið mjög skemmtilegt en þar kom einn gamall jólasveinn í heimsókn sem mikið var hlegið að og með. Einnig kom Leikhús í tösku og sýndi okkur leikritið Grýla og jólasveinarnir og forskólabörnin í Tónlistarskólanum komu og spiluðu fyrir okkur. Fyrir utan þetta er lögð mikil áhersla á rólegheit og að óg-leymdu jólaföndri sem gaman er að. Rúsínan í pylsuendanum og það sem er stærsta leyndarmál leikskólans er að sjálfsögðu jólagjöfin til mömmu og pabba, hvað það er... kemur í ljós 24.desember.

Bókasafnshornið

Það hefur verið mikið um að vera á bókasafninu undanfarið. Hér var haldin bangsavika í október og þá var að venju útbúið þetta fína bangsaland.

Þema Norrænu bókasafnavikunnar í ár var vinátta. Í vikunni komu 2. og 3. bekkur á safnið og hlustuðu á vinasögur og útbjuggu í framhaldinu vinablóma-óróa sem hengdur var í glugga safnsins. 5. bekkur kom einnig á safnið og hlustaði á upplestur um vináttuna. Nemendur tóku svo til við að semja vinasögur. Þetta voru ótrúlega flottar sögur hjá krökkunum og voru þær settar saman í litla bók og fengu allir höfundaeintak. Krakkarnir heimsóttu svo í framhaldinu leikskólann og lásu sögurnar sínar fyrir leikskólakrakkana við góðar undirtektir.

Nú er í gangi lestrarátak á safninu fyrir 5. og 6. bekk. Nemendur geta komið á safnið og dregið staf og reyna svo að finna bók þar sem titilinn byrjar á þeim staf. Þeir lesa bókina og gera lítið verkefni sem skilað er á safnið og draga svo nýjan staf. Eftir að hafa lokið tíu bókum frá þau verðlaunaskjal og mynd af þeim fer á „miðdeildar-meistara“ vegginn. Krakkarnir hafa verið ótrúlega duglegir og nokkrir hafa komist á vegginn nú þegar. Þetta lestrarátak verður í gangi alveg út skólaárið og alltaf hægt að byrja.

Bókasafnshornið - frh.

Nú í desember voru hinar árlegu jólabókakynningar og jólatímar. Umsjónarkennarar nýttu sér þetta vel. Nemendur í 3. – 10. bekk komu á safnið og fengu kynningu á nýjum bókum en 1. og 2. bekkur kom og hlustaði á jólasögu, sungu jólalög og aðstoðuðu nemendur 7. bekkjar við upplestur hjá þeim. Unglingadeildin kíkti líka á bókasafnið og kynnti sér nýjustu unglingabækurnar. Fengu vonandi margir þar hugmyndir til að setja á jólagjafalistann sinn eða þá til að gefa einhverjum öðrum. Hver veit?!?!

Ýmsir þemadagar

Í skólum eru oft haldnir ýmiskonar þemadagar hjá starfsmönnum og nemendum. Í vetur hafa verið haldnir nokkrir slíkir. Bindadagur, rauður dagur, hattadagur, bleiki dagurinn og jólapeysudagurinn. Yfirleitt er fólk duglegt að taka þátt og leggja menn mismikinn metnað í sínar múnderingar. Má hér taka sérstaklega fram þátt okkar hógværu íþrótta-kennara í þessum degi en þeir slá yfirleitt í gegn þegar þeir mæta í sínum útpældu samsetningum. Vel gert strákar, þið eruð flottastir!!

Laugaferð 9. bekkjar

Það voru rúmlega 60 9.bekkingar sem héldu af stað á Laugar í Sælingsdal þann 9.nóvember. Þegar þangað var komið tók á móti okkur starfsfólk staðarins ásamt fjórum hressum sjálfboðaliðum sem áttu eftir að gera ferðina ógleymanlega. Dagskrá staðarins snéeist um samskipti, samvinnu og hópefli. Nemendur leystu því allskonar verkefni, fóru í leiki og gönguferðir. Kvölddagskráin var með öðru sniði en þá fengu nemendur t.d. taktkennslu, fóru í óvissuferð og haldnir voru hinir þekktu Laugaleikar. Síðasta kvöldið var ógleymanlegt sundlaugapartý þar sem sjálf-boðaliðarnir létu ljós sitt skína. Á heimferðadegi voru ekki margir sem vildu fara frá Laugum og heyrðu kennarar ásamt starfsfólki staðarins nemendur segja að ferðin hefði verið „besta stund lífs þeirra“.

Ferð í jólaþorpið

Oft fara skólar í vettvangsferðir í desember að skoða sig um í bæjarfélaginu. Það var einmitt það sem við í 1. bekk gerðum á dögunum þegar við fórum í bæjarferð og skoðuðum okkar yndislega jólaþorp. Þá tókum við strætó niður í bæ og nutum alls sem jólaþorpið hefur uppá að bjóða. Gekk ferðin vel enda var frábært veður þótt kalt hafi verið. Allir klæddu sig vel í frostinu og höfðu gaman.

Jólakökur og kakó

Hér í Hraunvallaskóla hafa skapast margar góðar og skemmtilegar hefðir í þau rúmu 10 ár sem hann hefur starfað. Fyrir nokkrum árum bauð Foreldrafélag skólans nemendum upp á jólapiparkökur og heitt kakó. Að sjálfsögðu sló þetta í gegn og hefur verið árlega síðan. Þann 15. desember síðastliðinn fóru fulltrúar skólans og foreldrafélagsins af stað með kakó/köku vagninn. Nemendur vita aldrei hvaða dag þetta er þannig þetta kemur alltaf pínu á óvart. Þeir sem röltu um í þetta skiptið voru hressir og kátir eins og sjá má enda viðtökurnar góðar.

Við erum FLOTTUST



Söngkeppni Mosans

Mosinn hélt sína árlegu söngkeppni á dögunum. Sjö atriði tóku þátt og stóðu tvö atriði uppi sem sigurvegarar en það voru vinkonurnar Hildur, Helena og Saga Rún sem tóku lagið Skyscraper og Tinna Lind sem tók lagið Minning. Frábær atriði frá þeim og greinilega efnilegar söngkonur þarna á ferð. Siguratriðin munu keppa í Söngkeppni Hafnarfjarðar sem verður haldin þann 27. janúar. Haffi Haff sat í dómnefnd ásamt Voice stjörnunum Bjarka Lár og Elísabetu Ormslev.

Starfskynningar

Á hverju ári förum við í 10. bekk í starfskynningar hér og þar á höfuðborgarsvæðinu. Krakkarnir eru spenntir að fara og fá að kynnast hinum ýmsu störfum. Í vetur höfum við farið í Borgarleikhúsið og Landsspítalann. Það var frábært að sjá og kynnast þeim fjölbreyttu störfum sem á þessum stöðum fara fram. Hver veit svo hvort þessar heimsóknir hafi áhrif hvað við gerum þegar við verðum stór.

Eftir áramótin förum við á aðra vinnustaði sem verða vonandi jafnspennandi.

6.bekkur á aðventu

Aðventan hefur verið viðburðarík hjá okkur. Í upphafi aðventunnar fórum við ásamt öðrum 6.bekkingum í Hafnarfirði niður í jólaþorp og skreyttum tré. Þema ársins var skógur og notuðum við spýtnaafganga og teiknuðum á þá myndir af álfum og huldufólki.

Við fórum í heimsókn í Fríkirkjuna þar sem prestarnir Einar Eyjólfsson og Sigríður Kristín Helgadóttir tóku vel á móti okkur. Þar fræddumst við um fyrstu jólin og tákn kertanna á aðventunni. Eftir það fórum við í safnaðarheimilið og fengum súkkulaði og piparkökur. Það er gaman að segja frá því að nemendur stóðu sig með prýði og fengu mikið hrós fyrir góða framkomu og kurteisi. Tónlistarstjórinn hafði einnig orð á því hversu dugleg þau væru að syngja með.

Nemendur hafa verið duglegir að safna drekum í vetur og var haldin drekaveisla að því tilefni. Margir mættu í sparifötum og máttu koma með spil. Við höfðum uppistand þar sem nemendur fóru á kostum með allskonar atriðum og plötuðu meðal annars alla kennara og starfsmenn í leik sem endaði ákaflega skemmtilega. Allir nemendur fengu gefins fitnesspopp frá Iðnmark og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Við buðum skólahópi leikskólans í bíó og horfðum við á jólamyndina Elf saman í fyrirlestrarsalnum. Þetta var afar skemmtileg stund og gaman að tengja saman leik- og grunnskóla.

Foreldraföndur

Foreldrafélag Hraunvallaskóla var með sitt árlega jólaföndur einn góðan laugardag í lok nóvember. Þetta var að sjálfsögðu frábær fjölskyldudagur enda gott að setjast niður með börnum sínum og föndra fyrir jólin. Jólaföndur er tilvalin leið fyrir foreldra og börn að eiga þægilega samverustund í notalegu andrúmslofti þar sem sköpunargleði og jólaandinn ræður ríkjum.



Nemendur skólans buðu upp á vöfflur og kaffi gegn vægu verði þannig hægt var að seðja sárasta hungrið. Þá var jólatónlist spiluð til að auðga jólaandann og ná fram réttri jólastemningu.

Friðarsýning

Þriðjudaginn 10. nóvember fór unglingadeildin í heimsókn í Bæjarbíó í Hafnarfirði. Við gengum á staðinn í sæmilegu veðri, smá rigning en allir sáttir.
Í anddyri bíósins var fræðslusýning um frið og afvopnun kjarnorkuvopna sem ber nafnið *Frá stríðsmenningu til friðarmenningar*. Í bíósalnum var svo sýnd 20 mínútna fræðslumynd um friðar- og mannréttindarmál sem heitir *Frá öðru sjónarhorni (Another way of seeing things).* Á eftir sýningunni voru svo umræður og verkefnavinna þar sem hægt var að vinna til verðlauna fyrir góð svör. Gekk þetta vel og voru krakkarnir sjálfum sér og skólanum til sóma í þessari heimsókn.

Auðvitað áttum við einn af sigurvegurum verkefnisins en Emilía Íris í 10. HBG fékk verðlaun fyrir gott verkefni. Frábært hjá okkar stúlku!!

Aðgengi að lífinu

Mánudaginn 9. nóvember fengu nemendur kynningu á verkefninu Aðgengi að lífinu frá Guðjóni Sigurðssyni formanni MND félagsins og Arnari Helga Lárussyni formanni Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra og atvinnumanni í hjólastóla-akstri. Þeir fjölluðu um aðstæður hreyfihamlaðra og þær hindranir sem verða á vegi þeirra, en sögðu jafnframt frá því að það eiga allir að láta drauma sína rætast. Síðan var nemendum boðið að taka þátt í keppni þar sem þeir fengu hjólastól í sólarhring og áttu að athuga hvernig umhverfið væri og hvað þarf að laga svo allir geti komst hvert sem er í samfélaginu.

Verkefnin í ár þóttu sérstaklega góð og því var ákveðið að verðlauna 5 efstu sætin og í þeim hópi voru nemendur úr Hraunvallaskóla, þær Anna Sara Róbertsdóttir, Harpa Ingþórsdóttir, Kristín Helga Eyjólfsdóttir og María Fanney Kristjánsdóttir í 10. IÞG. Verðlaunaafhendingin fór fram mánudaginn 30. nóvember í sal Orkuveitu Reykjavíkur þar sem forseti Íslands afhenti verðlaunin. Frábært hjá okkar frábæru stelpum.

Til hamingju stelpur!!

Rithöfundar í heimsókn

Tveir rithöfundar hafa komið og lesið upp úr bókum sínum fyrir nemendur skólans. Þetta eru þau Ævar Þór Benediktsson og Ragnheiður Eyjólfsdóttir. Ævar Þór las upp úr nýútkominni bók sinni Þín eigin goðsaga fyrir 4.- 7. bekk og Ragnheiður heimsótti 7. bekk og las fyrir þau úr bók sinni Arftakinn: skuggasaga. Voru krakkarnir spenntir og hlustuðu vel.

Fellum grímuna

Myndin Fellum grímuna fjallar um þá staðreynd að öll erum við mannleg. Enginn er fullkominn og margir glíma við vanda á borð við kvíða, meðvirkni og full-komnunarárátttu einhvern tímann á lífsleiðinni. Framleiðendur Fellum grímuna eru þær Jóhanna Jakobsdóttir og Sigurbjörg Bergsdóttir en þær reka fyrirtækið Ekta Ísland og leikstjórinn er Baldvin Z. Var það ósk framleiðendanna að myndin væri sýnd í grunnskólum landsins á sama degi eða þann 17. nóvember. Fram komu nokkrar af stjörnum nútímans. Má þar nefna Ingvar Sigurðsson leikara, Gunnar Nelson MMA kappa, Annie Mist íþróttakonu, Þórunni Antoníu tónlistarkonu og fleiri. Horfðu krakkarnir spenntir á myndina og fannst hún afar forvitnileg og gagn-leg að sjá.

Þolandi - gerandi

Þolandi og gerandi – frá sjónarhorni beggja er fyrirlestur sem Páll Óskar Hjálmtýsson, Magnús Stefánsson og Snædís Birta Ásgeirsdóttir hafa séð um síðustu misseri. Þessir frábæru einstaklingar heimsóttu okkur fyrr í vetur og spjölluðu aðeins við okkur. Sýnd var nýleg, leikin heimildarmynd um æsku Páls Óskars, þar sem fram kemur mikið einelti sem hann varð fyrir í grunnskóla frá 7 til 14 ára aldurs. Myndin kemur einnig inn með sjónarhorn foreldra á þessum erfiðu málum. Í myndinni kemur einnig fyrir viðtal við Pál Óskar og eftir myndina spjallaði hann svo við salinn og svaraði nokkrum spurningum.

Snædís Birta, sem er efnileg 15 ára stelpa, talaði um hvernig hún hefur orðið fyrir einelti í 7 ár og sérstaklega talaði hún um það skelfilega net-einelti sem hún hefur þurft að þola síðustu 2 ár.

Magnús Stefánsson fór svo yfir hugarfar og bakgrunn geranda í eineltismálum og notaði þar sína eigin reynslu af sinni æsku sem gerandi í eineltismáli og svaraði fyrirspurnum þar að lútandi.

Þessum fyrirlestri er ætlað að auka skilning á einelti, draga úr einelti og vera sem verkfæri fyrir bæði kennara og foreldra í forvörnum gegn einelti. Frábært var einmitt að sjá hve margir foreldrar kíktu á fyrirlesturinn.

Gleðileg jól!

Göngum í skólann

Hraunvallaskóli tók þátt í Göngum í skólann verkefninu fyrr í vetur. Markmið verkefnisins er að hvetja nemendur og aðstandendur til að nota virkan ferðamáta til og frá skóla, svo sem göngu, hjólreiðar, hlaup eða annað. Ávinningurinn er ekki aðeins bundinn við andlega og líkamlega vellíðan heldur er þetta einnig umhverfisvæn og hagkvæm leið til að komast á milli staða. Umsjónarkennarar skráðu niður á hverjum degi hjá nemendum sínum á bekkjarlista hvort þessi ferðamáti hafi verið notaður. Fór svo að 9.GP hlaut gullstígvélið eftirsótta fyrir að flesta metra gengna til og frá skóla. 90% nemenda í bekknum gengu í skólann á því tveggja vikna tímabili sem keppnin stóð yfir. Duglegt ungt fólk hér á ferðinni.

Hvað ef....??

Þann 30. nóvember síðastliðinn fórum við með allt unglingastigið í rútuferð inn í Reykjavík til að horfa á leikrit í Hörpunni sem kallast *Hvað ef?* Þetta er leiksýning sem notast við leik, söng, ljóð og tónlist til fræðslu. Þar er á mjög nýstárlegan og skemmtilegan hátt farið yfir kaldar staðreyndir varðandi neyslu vímuefna, einelti, sjálfsmorð og fleira. Markmiðið með þessu er að sýna unglingum að þeir hafi val og að sakleysislegar stundarhrifsákvarðanir geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Vinavikan

Vinavikan var í byrjun nóvember. Hún gekk ágætlega og voru langflestir ánægðir með það uppbrot sem varð á kennslunni. Farið var eftir stundatöflu að öllu leyti. Uppbrotið fólst í því að kennarar voru með allt annað en hefðbundið námsefni í tímum. Var spjallað, farið í spurningaleiki, spilað og margt fleira. Á föstudeginum í vinavikunni hittust allir nemendur skólans inn á sal, þ.e. nemendur frá 1. - 10. bekk og nemendur leikskólans. Þar sungu allir saman Vinalagið (cupsong). Flestir nemendur kunnu það enda búnir að æfa sig með sínum kennurum fyrr í vikunni. Þórunn Jónsdóttir kennari stjórnaði söngnum og fékk til liðs við sig nokkra söngfugla til að vera forsöngvarar. Þegar búið var að syngja saman vorum við með leiklestur sem Aníta kennari stjórnaði. Enduðum við svo á dansi við lagið Watch Me sem Vilborg danskennari stjórnaði vel og vandlega. Eins og með lagið þá kunnu margir dansinn en til að tryggja það fóru nemendur úr 6. og 7. bekk á milli svæða og kenndu þeim sem ekki voru öruggir með sporin. Góðri vinaviku lauk svo með því að flestir nemendur skólans snæddu saman hamborgara og meðlæti án þess þó að vera með læti.

Bíódagur Þóris

Hinn árlegi bíódagur Þóris Snæs var að sjálfsögðu á sínum stað og fór hann fram þann 7. des. Þá mætti Þórir Snær með gömlu sýningavélarnar sínar og leyfði nemendum og starfsfólki að njóta skemmtilegra kvikmynda. Bókasafninu var snarlega breytt í bíósal og sýningar voru á hálftíma fresti allan morguninn. Bíógestir skemmtu sér konunglega og mátti heyra hlátrasköll óma um safnið.

Bíódagurinn var með nokkuð óhefðbundnu sniði, en í staðinn fyrir að sýna ólíkar myndir yfir daginn héldum við okkur við hálftímadagskrá sem við endursýndum í sífellu svo sem flestir gátu séð það sem í boði var. Fyrri helmingurinn var tileinkaður Meistara Charlie Chaplin, fyrstu heimsfrægu kvikmyndastjörnunni, og sá síðari helgaður jólamyndum úr smiðju Walt Disney.

Þess má geta að Þórir Snær er með frábæra þætti á ÍNN sjónvarpsstöðinni þar sem hann segir áhorfendum ýmsa fróðlega hluti tengda kvikmyndasögunni.



GLEÐILEG

JÓL



Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

Ritstjóri: Karl Pálsson

Ábyrgðarmenn: Lars Jóhann Imsland og Sigrún Kristinsdóttir

www.hraunvallaskoli.is

www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli

www.mosinn.is